

# UPPLÝSINGABRÉF TIL FORSJÁRAÐILA

Kæru forsjáraðilar,

Skólaárið                      fá nemendur í                      bekk fræðslu um líkamann, mörk og kynferðislegt ofbeldi. Í fræðslunni um efnið sýnum við teiknimyndaflokkinn „Líkami minn tilheyrir mér“, röð fjögurra stuttmynda, sem unnið er með ásamt kennsluleiðbeiningum.

Í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna kemur fram að öll börn eiga rétt á vernd gegn hvers kyns ofbeldi. Kynferðislegt ofbeldi gegn börnum er brot á réttindum og einnig alvarlegt lýðheilsuvandamál sem varðar okkur öll. Kannanir sýna að meira en fimmta hver stúlka (21,2%) og tæplega einn af hverjum tíu drengjum (8,7%) segjast hafa orðið fyrir óæskilegri kynferðislegri hegðun fyrir 18 ára aldur. Samt er efnið umlukið þögn og bannorðum. Meðaltími frá því að líkamsárás á sér stað þar til fórnarlambið segir frá ofbeldi er 17 ár. Þess vegna verðum við að tala um kynferðislegt ofbeldi, við börn svo þau skilji að þau eru ekki ein, að það sé ekki þeim að kenna og að slíkum slæmum leyndarmálum eigi að segja frá.

Markmiðið með vinnu með efnið er að fræða börnin um það hvað kynferðislegt ofbeldi er, að þau skilji að það er aldrei þeim að kenna, að það sé ólöglegt og að öll börn sem verða fyrir slíku eigi rétt á að fá aðstoð. Sú vinna er mikilvæg til að koma í veg fyrir ofbeldi og mun gera börnin meðvitaðri um að setja sín eigin mörk og virða mörk hverts annars. Fræðsla um kynheilbrigði er einnig í samræmi við hæfnimarkmið námskrár í samfélagsgreinum á Íslandi.

Margir fullorðnir forðast að tala við börn um kynferðisofbeldi, vegna þess að þeir eru ekki vissir um hvernig best er að gera það eða óttast að það sé of ógnvekjandi umræðuefni fyrir börn. Það getur orðið til þess að börn fái ekki nauðsynlega fræðslu um hvað kynferðisofbeldi er og segja síður frá því ef þau verða fyrir því.

Hins vegar teljum við að það þurfi að ræða við börn um kynferðisofbeldi á skýran og traustvekjandi hátt. Við teljum að það sé eitt það mikilvægasta sem fullorðið fólk getur gert til að uppgötva, bregðast við og koma í veg fyrir kynferðisofbeldi.

Börn læra mikið í gegnum fjölmiðla og samtöl við önnur börn. Þau velta ýmsu fyrir sér og vilja fá svör, líka tengd líkamanum, kynheilbrigði og kynhneigð. Góðar upplýsingar frá fullorðnum um kynheilbrigði og kynferðislegt ofbeldi valda ekki hræðslu hjá börnum, heldur öryggi.

Kynferðisofbeldi á sér stað nær okkur og oftast er skaðlegra en við höldum. Öll börn eiga rétt á vernd og þau þurfa fullorðið fólk sem talar við þau og útskýrir hvað kynferðislegt ofbeldi er. Þetta er það sem við viljum ná fram með vinnu við efnið sem fjallað er um í Líkami minn tilheyrir mér. Við vonum að þið forsjáraðilar séuð jákvæðir gagnvart því að nemendur öðlist þessa þekkingu!

Myndirnar í „Líkami minn tilheyrir mér“ voru unnar af Bivrost Film í samstarfi við Barnaheill í Noregi og norska sjónvarpið með styrk frá norsku barna-, unglunga- og fjölskyldustofnuninni og Extra Foundation í Noregi. Menntamálastofnun þýddi og staðfærði efnið með hjálp Bifrost og Krakkaruv, Barnaheill á Íslandi komu að yfirlestri, ráðgjöf og vinnu við efnið og Ruv talsetti teiknimyndirnar.

Ykkur forsjáraðilum er velkomið að horfa á myndirnar á vef Menntamálastofnunar og skoða kennsluleiðbeiningar sem fylgja efninu. Þar er að finna ráð um hvernig best er að ræða við börn um kynferðisofbeldi og hvað hægt er að gera ef barn segir frá.

Með bestu kveðjum,

náfn

skóli